

## VIÐMIÐUNARREGLUR FYRIR INNIHALD BBM CHANNELS

Vinsamlega athugaðu að eftirfarandi viðmiðunarreglum er ekki ætlað að vera lagalega ráðgefandi og þótt farið sé eftir þeim er ekki endilega verið að fara að lögum. Við áskiljum okkur rétt til að fjarlægja allt efni sem að okkar mati brýtur í bága við þessar viðmiðunarreglur eða er á annan hátt talið óviðeigandi.

### 1. Almenn.

- a. Þú ert algerlega ábyrg(ur) fyrir því að tilkynningar þínar, auglýsingar og kynningar (allt nefnt "efni") séu samkvæmt öllum viðeigandi lögum, reglugerðum, viðmiðunarreglum og stöðlum.
- b. Án takmörkunar ofangreinds og ef að efni þitt er aðeins ætlað notendum sem eru á tilteknum aldri eða eldri eða búa í tilteknu lögsagnarumdæmi og ekki er hægt að segja til um aldur eða umdæmi, mátt þú ekki birta efnið þeim notanda. Þó að við bjóðum tæki til stjórnunar slíks, höldum við því ekki fram að nein þeirra séu fullkomin á neinn hátt og ert þú því á endanum ábyrg(ur) fyrir því að setja upp reglur sem fara að lögum í öllum þeim löndum sem efni þitt er birt.
- c. BBM Channels eru ætlaðar til að heimila rásarstjórum að birta og sýna efni sem tengist vörumerki, félagsskap, atburði eða einstaklingi sem fram kemur á rásinni. Rás má ekki nota til að birta auglýsingar þriðja aðila og ekki er heimilt að leigja út eða veita aðgang að rásinni þinni með slíkum hætti.
- d. Efni má ekki vera ósatt, villandi, sviksamlegt eða blekkjandi hvað varðar eðli þess og innihald.
- e. Ef efni þitt inniheldur tengingar við vefsetur skal vara þess vefseturs eða þjónusta kynnt með skýrum hætti á snertisíðu þess seturs og skal tengingin ekki leiða til vefveiðiseturs (phishing site), spilliforrita eða annarra hættulegra forrita, setra, eða vefseturs sem notandinn getur ekki yfirgefið með auðveldum hætti.
- f. Efnið má ekki brjóta á eða fótum troða rétt neins þriðja aðila, þ.m.t. höfundarrétt, vörumerkjarétt, friðhelgi einkalífs, útgáfurétt eða önnur hugverkaréttindi eða eignarréttindi.
- g. Efnið má ekki fela í sér auglýsingar eða tengingar til efnis þriðja aðila í þeim tilgangi að skapa tekjur frá tengdum aðilum eða annarskonar frammistöðutengdri markaðssetningu.
- h. Efnið má ekki gefa í skyn neins konar samvinnu við BlackBerry né nein fyrirtæki okkur tengd án skýrrar skriflegrar heimildar þeirra eða okkar.

### 2. Takmarkanir efnis. Efni má ekki innihalda eða auglýsa neitt eftirfarandi:

- a. Klámfengið efni, þ.m.t. klámfengin tímarit, bækur, myndir, hreyfimyndir eða annað það efni sem leggur áherslu á nekt, kynlíf eða nekt að hluta til.
- b. Hatur, ofbeldi, einelti eða mismunun, þ.m.t.:

- i. Baráttu gegn einstaklingum eða vernduðum hópum, byggða á kynþætti eða uppruna, húðlit, heimalandi, trúarbrögðum, stjórnáttengslum, fötlun, aldri, fyrri herþjónustu, eða kynhneigð/kynferðisvitund;
  - ii. ofbeldi gegn fólki, dýrum, sjálfum sér eða tengt efni;
  - iii. samtök eða einstaklinga sem hafa uppi áróður fyrir hatri, glæpum eða hryðjuverkatengdum aðgerðum eða -efni; eða
  - iv. einelti, linnulaust áreitni eins og tíðar, miðaðar tölvupóstsendingar og athugasemdir um einstakling.
- c. Alkóhól, tóbak, vopn og fjárhættuspil, nema þar sem heimilt er skv. viðeigandi lögum og aðeins samkvæmt viðeigandi lögum og reglum þess iðnaðar, viðmiðunarreglum, leyfum og samþykktum og aðeins ef það efni má takmarka til notenda undir aldri og í þeim lögsagnarumdæmum sem það er óheimilt.
  - d. Ólögleg fíkniefni eða vímuefni, eða fylgihluti þeirra.
  - e. Ólöglegar vörur eða þjónusta eða vörur og þjónusta sem brjóta á rétti þriðja aðila eða friðhelgi einkalífs hans eða önnur viðeigandi verndun gagna einstaklings.
  - f. Hugbúnaður sem er allur eða að hluta til njósnaugbúnaður eða spilliforrit eða leiðir til óviðbúnar, villandi eða ósanngjarnrar reynslu notanda.